


Verk í eigu Listasafns Reykjavíkur fylla alla sali Kjarvalsstaða.

Stiklað í straumnum

Á Kjarvalsstöðum stendur yfir sýningin Stiklað í straumnum. Á henni er úrval verka úr eigu Listasafns Reykjavíkur og fyllir hún alla sali hússins. Sýningin er í samvinnu við Listahátíð í Reykjavík. Yfirskrift Listahátíðar er Þar sem straumar mætast og á þessari sýningu verður stiklað um í meginstraumum íslenskrar myndlistar og þá aðallega í straumiðu síðustu áratuga.

Sýningar

Listasafn Reykjavíkur á verk eftir fjölda íslenskra myndlistarmanna en alls á safnið um þrettán þúsund verk. Á meðal þeirra listamanna sem eiga verk á sýningunni eru Ólöf Nordal, Birgir Andrésson, Brynhildur Þorgeirsdóttir, Kristinn Hrafnsson, Daníel Magnússon, Halldór Ásgeirsson, Borghildur Óskarsdóttir, Alfreð Flóki, Kristinn G. Harðarson, Ólafur S. Gíslason og Finnbogi Pétursson. Hluti sýningarinnar er helgaður verkum Jóhannesar Kjarvals.

Prestastefna 1998

Prestastefnan í ár verður haldin í húsakynnum Hafnarfjarðarkirkju og Tónlistarskólans og hefst hún í dag og lýkur á fimmtudag. Hún var sett í morgun í Hafnarfjarðarkirkju. Biskup hefur ákveðið að gera umhverfismál og ábyrgð manna gagnvart sköpun Guðs að sérstöku umfjöllunarefni á Prestastefnunni og er yfirskriftin Kristnitaka – fögnum yfir sköpun Guðs.

Jónsmessunæturganga

Farið verður í hina vinsælu Jónsmessunæturgöngu um Elliðaárdal í kvöld, kl. 22.30. Á göngunni mun fólk fræðast um íslenska þjóðtrú og sögu Elliðaárdalsins, undir leiðsögn Guðrúnar Ágústsdóttur. Lagt er af stað frá miðasölu Árbæjarsafns.

Samkomur

Ráðstefna um íslensk og færeysk málefni

Heimspekideild Háskóla Íslands og Fróðskaparsetur Føroya standa fyrir ráðstefnu um íslensk og færeysk málefni dagana 24. og 25. júní, *þeirri þriðju í ráðstefnuröðinni* Frændafundir. Ráðstefnan er í Odda, stofu 101, og hefst hún kl. 9 í fyrramálið.

Félag eldri borgara í Reykjavík

Kennsla í línudönsum í kvöld kl. 18.30 í Risinu, Hverfisgötu. Kennari er Sigvaldi.

Jónsmessuhátíð í Hafnarfirði

Jónsmessuhátíð verður í Hellisgerði í kvöld. Íþróttaálfurinn og Solla koma í heimsókn, Siglaðir söngvarar sjá um fjöldasöng og Kuran Swing leikur. Þá verða á sveimi álfar og aðrar vættir sem Erla Stefánsdóttir segir nánari deili á.

Iðnó:

Lög úr vinsælum söngleikjum


Iðnó mun í sumar standa fyrir röð af léttum tónleikum og munu Ingveldur Ýr og Gerrit Schuil opna tónleikaröðina. Verða þau með hressilega dagskrá með lögum úr sívinsælum söngleikjum á borð við Showboat, Sound of Music, My Fair Lady, Chorus Line og Phanthom of the Opera ásamt syrpu af lögum eftir George Gerswin og Kurt Weill. Í tilefni þess að dagskráin verður flutt í Iðnó hafa Ingveldur og Gerrit sett saman lög úr leikritum sem nutu mikilla vinsælda á sínum tíma, meðal annars lög úr Ofvitanum.

Skemmtanir

Ingveldur Ýr óperusöngkona vakti fljótt athygli fyrir frjálsa sviðsframkomu og sterka leikhæfileika sem hafa nýst henni á margan hátt, bæði á óperusviði og tónleikahúsum víða um heim þar sem hún hefur sungið með þekktum hljómsveitarstjórum eins og Seji Ozawa og Sir Neville Marriner. Gerrit Schuil hefur haldið tónleika í Evrópu og Bandaríkjunum og komið fram á alþjóðlegum tónlistarhátíðum, auk þess sem hann hefur stjórnað fjölmörgum hljómsveitum bæði í óperuhúsi og tónleikasal.



Ingveldur Ýr og Gerrit Schuil.



Fer að rigna í nótt

Veðrið í dag

Skammt suðvestur af landinu er 1001 mb lægðardrag sem grynnist og hreyfist suðvestur. 1034 mb hæð er yfir Svalbarða. Um 900 km suðsuðvestur af Reykjanesi er 991 mb lægð *sem þokast austnorðaustur.*

Í dag verður austan- og norðaustangola eða kaldi. Skýjað og rigning eða súld með köflum suðaustan- og austanlands en annars skýjað með köflum og smáskúrir. Fer að rigna suðaustan til í nótt. Hiti 6 til 15 stig, hlýjast suðvestan til.

Á höfuðborgarsvæðinu verður fremur hæg austlæg og síðan norðaustlæg átt, *smáskúrir og hiti 9 til 14 stig.*

Sólarlag í Reykjavík: 00.04
Sólarupprás á morgun: 02.56
Síðdegisflóð í Reykjavík: 17.54
Árdegisflóð á morgun: 06.19

Veðrið kl. 6 í morgun:

Akureyri	*súld*	*11*
Akurnes	*úrkoma í grennd*	*9*
Bergstaðir		
Bolungarvík	*skýjað*	*7*
Egilsstaðir	*7*	
Keflavíkurflugv.	*úrkoma í grennd*	*10*
Kirkjubkl.	*rigning*	*9*
Raufarhöfn	*þoka*	*6*
Reykjavík	*skýjað*	*11*
Stórhöfði	*skýjað*	*9*
Helsinki	*alskýjað*	*11*
Kaupmannah.	*skýjað*	*13*
Osló	*súld*	*13*
Stokkhólmur	*9*	
Þórshöfn	*alskýjað*	*10*
Faro/Algarve	*heiðskírt*	*22*
Amsterdam	*alskýjað*	*16*
Barcelona	*hálfskýjað*	*20*
Chicago	*hálfskýjað*	*22*
Dublin	*rign. á síð. kls.*	*16*
Frankfurt	*léttskýjað*	*15*
Glasgow	*rigning og súld*	*15*
Halifax	*þokumóða*	*12*
Hamborg	*skýjað*	*14*
Jan Mayen	*þokumóða*	*3*
London	*alskýjað*	*15*
Lúxemborg	*léttskýjað*	*13*
Malaga	*þokumóða*	*19*
Mallorca	*skýjað*	*22*
Montreal	*alskýjað*	*23*
París	*léttskýjað*	*15*
New York	*alskýjað*	*20*
Orlando	*hálfskýjað*	*26*
Róm	*léttskýjað*	*20*
Vín	*skýjað*	*18*
Washington	*þokumóða*	*21*
Winnipeg	*heiðskírt*	*13*

Víða verið að lagfæra vegi

Vegir á landinu eru víðast greiðfærir. Unnið er að vegagerð á nokkrum stöðum og eru vegfarendur beðnir að sýna þar sérstaka aðgát og aka samkvæmt merkingum. Á Suðurlandi er verið að lag-

Færð á vegum

færa á leiðinni Hvolsvöllur–Vík og Suðurlandsvegur–Galtalækur, á Austurlandi Hlíðarvegur–Egilsstaðir og á Norðausturlandi er verið að vinna við Kelduhv.–Kópasker. Vegir á hálendinu eru flestir orðnir færir.





Alexander Smári og Sólon Arnar

Litlu tvíburarnir á myndinni fæddust á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri 15. maí síðastliðinn. Sá til vinstri heitir Alexander Smári og hann var við fæðingu 10 merkur og 48 sentímetra langur. Hinn heitir Sólon Arnar og hann var við fæðingu 11 merkur og 79 sentímetra langur. Foreldrar tvíburanna eru Aðalbjörg Steinarsdóttir og Kristján Edelstein.

Börn dagsins



Adam Sandler, söngvarinn geðþekki í The Wedding Singer.

Brúðkaupssöngvarinn


Í The Wedding Singer, sem sýnd er í Stjörnubíói og Laugarásbíói, segir frá frekar seinheppnum söngvara á níunda áratugnum sem hefur það fyrir vinnu að syngja í brúðkaupum. Í aðalhlutverkinu er leikarinn Adam Sandler sem er ekki mjög þekktur utan Bandaríkjanna þar sem hann hefur öðlast talsverðar vinsældir í gegnum sjónvarpið. Þykir frammistaða hans í þessari mynd gefa til kynna að hann eigi framtíð fyrir sér í kvikmyndum. Mótleikkona Sandlers í The Wedding Singer er Drew Barrymore sem er komin af frægustu leikarafjölskyldu í Hollywood. Hún varð heimsfræg aðeins sex ára þegar hún lék litla krúttið í E.T. Í kjölfarið fékk hún stór hlutverk en hvarf af sjónarsviðinu um tíma vegna neyslu á áfengi og eiturlyfjum.

Kvikmyndir

Nýjar myndir:

Háskólabíó: Púsund ekrur
Háskólabíó: Grease
Laugarásbíó:The Wedding Singer
Kringlubíó: Six Days, Seven Nights
Saga-bíó: Með allt á hælunum
Bíóhöllin: The Man Who Knew too Little
Bíóborgin: Mad City
Regnboginn: Hard Rain
Stjörnubíó: Wild Things

Krossgátan



Lárétt: 1 höku, 5 eyða, 8 mjúk, 9 úrkoma, 10 patti, 11 kind, 13 vesalast, 15 fjölvís, 16 viðkvæm, 17 hagnað, 19 vondu, 21 aftra, 23 snemma.
Lóðrétt: 1 fisk, 2 mjúkur, 3 rösk, 4 gróf, 5 laupur, 6 góðu, 7 ofn, 10 vökva, 12 rödd, 13 tísku, 16 fæða, 18 umdæmisstafir, 20 féll.

Lausn á síðustu krossgátu:
Lárétt: 1 póst, 5 kæn, 8 óvarar, 9 lit, 10 úrug, 11 starfar, 13 tinna, 15 na, 16 rás, 18 ómar, 20 álit, 21 ári.
Lóðrétt: 1 pól, 2 óviti, 3 satans, 4 trúr, 5 karfa, 6 æru, 7 negrar, 11 strá, 12 anar, 14 nót, 17 ál, 19 má.

Úrval

Á NÆSTA SÖLUSTAÐ EÐA Í ÁSKRIFT Í SÍMA 550 5000